

**Fornleifaskráning vegna deiliskipulags
í Hrífunesi, Skaftártungu, Skaftárhreppi**



Unnur Magnúsdóttir
Kirkjubæjarklaustur
2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um fornleifaskráningu	3
Fyrri athuganir	4
Heimildaathugun og skráning	4
Samantekt um sögu Hrífuness	5
Niðurstöður	5
Kort af deiliskipulaginu í Hrífunesi	6
Heimildaskrá.....	7

Inngangur

Í nóvember 2010 var gerð fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Hrífunes, Skaftártungu, Skaftárhreppi. Unnur Magnúsdóttir, fornleifafræðingur, sá um heimildakönnun um svæðið og vettvangsvinnu. Unnur sá einnig um úrvinnslu og skýrslugerð. Vettvangsvinna fór fram dagana 18. og 22. nóvember. Engar fornleifar fundust á umræddu svæði.

Fornleifaskráningin var gerð að beiðni eigenda af hluta úr landi Hrífuness, þeirra Borgars Þorsteinssonar og Elínar Þorgeirsdóttur. Fornleifaskráning fór fram vegna deiliskipulagsgerðar á hluta úr jörðinni á svæði sem heitir Syðrimýri, sjá kort á bls. 6. Þar stendur til að reisa gistiaðstöðu í tjöldum sem kalla á Ferðapjónustusvæðið Mýrar.

Um fornleifaskráningu

Fornleifaskráning er skráning heimilda- og vettvangskonunnun á fornleifum, lýsing á ástandi þeirra og gerð fornleifanna, aðstæðum og staðsetningu ásamt mati á aldri, hlutverki, og tegund. Tilgangur fornleifaskráningar er annars vegar að tryggja verndun menningararfsins og hins vegar að auðvelda sveitarfélögum og Fornleifavernd að marka stefnu í minjavörslu.

Í 9. grein Þjóðminjalaga segir:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. Þjóðminjalaga.¹

Í 10. gr. Þjóðminjalaganna kemur fram að „fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“²

¹ Þjóðminjalög 2001/107. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/131b/2001107.htm>

² Þjóðminjalög 2001/107. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/131b/2001107.html>

Fyrri athuganir

Tvær fornleifaskráningar, fyrir deiliskipulag, hafa verið gerðar á öðrum hlutum úr Hrífunesjörðinni. Það var árið 2003³ og árið 2004⁴. Skráningarnar voru gerðar af Fornleifastofnun Íslands. Einnig hafa friðlýstar fornleifar á jörðinni verið skráðar og mældar upp af Fornleifavernd ríkisins⁵.

Heimildaathugun og skráning

Landið sem um ræðir er kjarri vaxið, nokkuð bratt og liggur niður að Eldvatninu. Þar hefur verið rekið tjaldsvæði í þónokkur ár. Búið er að ryðja burt kjarrinu af hluta svæðisins til að búa til tjaldsvæði og slóða að þeim. Þar sem landið er nánast allt kjarri vaxið gætu leynst fornleifar á svæðinu þó ekki séu til heimildir um þær.

Heimildaathugun var gerð fyrir svæðið og leitað var í heimildum eins og Alþingisbækur Íslands, Íslenzkt fornbréfasafn, Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797, Jarðabréf, Sýslu og sóknarlýsingar, Árbók Ferðafélags Íslands og Örnefnaskrá. Engar heimildir eða upplýsingar fundust um fornleifar á umræddu deiliskipulagssvæði hvorki í heimildunum né í vettvangskonun.



Séð yfir hluta af Suðurmýri. Ljósmynd UM.

³ Deiliskráning í Hrífunesi I.

⁴ Deiliskráning í Hrífunesi II.

⁵ Friðlýstar fornleifar í Skaftárhreppi

Í örnefnaskrá Hrífunes kemur fram að á sléttlendinu austur að Eldvatni, sem kallað var Vatn eða Flögun, voru engjar frá Hrífunesi. Þær spilltust mjög í Kötlugosi árið 1918. Hluti af þeim fór þá undir sand og síðan þá hefur mikið gengið á þær svo nú er þar aðeins gróin rönd.⁶



Borgargil í landi Hrífunes. Ljósmynd UM.

Ekki kemur fram nein skýring á nafninu Borgargil, sem er nafn á gili sem er inn á deiliskipulagssvæðinu. Ef til vill hefur verið þar einhvers konar fjárborg, hvort sem hún hefur verið manngerð eða af náttúrunnar völdum. Ekki sjást neinar leifar þar enda er búið að eiga við svæðið eitthvað og þar er nú tjaldstæði og hefur verið í þónokkur ár.

Talað var við Gísla Halldór Magnússon bónda á Ytri-Ásum í Skaftártungu. Hann vissi ekki um neinar fornleifar á svæðinu og taldi mjög ólíklegt að þar hefði nokkurn tímann verið nokkuð slíkt þar sem landið er kjarri vaxið og brattlent.

Samantekt um sögu Hrífunes

Hrífunes er syðsti og vestasti bærinn í Skaftártungu. Jörðin er stundum nefnd Hrísnen en Hrífunes mun vera rétta nafnið og er hún nefnd þannig í elstu máldögum. Jörðin er landstór og að meiri hluta er landi hennar kjarri vaxið. Sagnir eru um það að Hrífunes munu hafa verið með stærstu skógarjörðum landsins. Hrífunes var talin góð bújörð en Kötluhlaup árið 1918 tók af allar útengjar Hrífunes. Árið 1936 var bærinn fluttur úr dalnum niður við bakka Hólmsár og upp að brekkubrúnninni. Bænhús var í Hrífunesi í kaþólskum sið.⁷

Í Sýslu- og sóknarlýsingum hins íslenska bókmenntafélags kemur fram að Hrífunes hafi verið „6 hndr. að dýrleika, einkar góð sauðjörð, hrosshagalítil á vetrum, skógarjörð besta, en heyskaparlaus nema að túnnum, sem brjótast upp af áðurnefndri á“.⁸

Niðurstöður



Eins og fram hefur komið fundust engar fornleifar á svæðinu í vettvangskonun og engar heimildir eru til um fornleifar á svæðinu. Það er þó nauðsynlegt að athuga jarðveginn vel við framkvæmdir þar sem fornleifar gætu leynst undir yfirborðinu. Einnig er landið kjarri vaxið og gætu fornleifar því leynst í kjarrinu.

⁶Örnefnaskrá Hrífunes. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði, 7.

⁷Valur Guðjón Oddsteinsson: „Sunnlenskar byggðir VI. Skaftárþing“, 265.

⁸Pétur Stephensen: „Ása- og Búlandssóknir. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1973“, 204.

Deiliskipulag ferðapjónustusvæðisins Mýrar, Hrífunesi



Órskiptingir Stafrættis 2002-2014, breytingu eðlisbaki 2. mars 2002.

Hittilastnä byggingarrelia I 13N93

**Dolleiddupuleguppdrætti þessum fylgir
dolleiddupulegsgreinarangrið
daga: 01-06-2008**

08-0000000000000000

Stöðulagsstíllagan er unnin af Einrúm arkitektum, Árdís Hlökk Theodórsdóttur stöðulagsfræðingi og landeigendum, þeim Borgari Þorsteinsyni og Elínu Þorgeirsdóttur.

Dallaskipuleið þetta sem fengið hefur meðferð skv. 25. gr. skýpuleiðs- og byggingarlaga nr. 73/1987 m.s. br. var samþykkt af sveitarstjórn Skaffárhrepps þennan: 2008.

einrúm eint, arklaðar
glashúeinum 20 | 104 Reykjavík
sími 553 8008 | fax 556 8008
brúin brúin gunnareðstír
sími 040768 8888
arklaðt frá
k@airum.com
stefin hvarn
arklaðt frá msp
s@airum.com

Hrífunes í Skaftárhreppi

teikning D-001

afni	dell&idpulg
daga.	29-02-2008
breytt.	01-06-2008
micv.	1:30000 / 1:2000
teikneri	ei

Heimildaskrá

Oddgeir Hansson. *Deiliskráning í Hrífunesi I*. Fornleifastofnun Íslands 2004.

Pétur Stephensen: *Ása- og Búlandssóknir. Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1973*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélags Reykjavíkur 1997.

Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. *Deiliskráning í Hrífunesi I*. Fornleifastofnun Íslands 2003.

Valur Guðjón Oddsteinsson. Sunnlenskar byggðir VI. Skaftárþing. Samið vegna 70 ára afmælið Búnaðarsambands Suðurlands. ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands 1986. Bls 265.

Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001. Þingskjal 1490.

Óprentaðar heimildir

Friðlýstar minjar í Skaftárhreppi. Fornleifavernd ríkisins.

Hrífunes. Örnefnaskrá. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Handrit. Örnefnastofnun.

Túnakort 1920: Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild.

Viðtal við Gísla Halldór Magnússon bónda á Eystri-Ásum, Skaftártungu.

